

Mánudaginn 30. nóvember 1936.

Nr. 103/1936. Lárus Fjeldsted og Gróa Lárusdóttir
gegn

Kristjáni Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Lárus Fjeldsted og Gróa Lárusdóttir, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef þau vilja fá málið tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði þau in solidum stefnda, er hefir mætt í málinu, 20 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. desember 1936.

Nr. 62/1936. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Magnúsi Norðfjörð Magnússyni

(Einar B. Guðmundsson).

Neyzla áfengis við bifreiðaakstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. apríl 1936: Kærður, Magnús Norðfjörð Magnússon, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærður skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Síðan mál þetta var dæmt í héraði hefir réttar-rannsókn verið framkvæmd til upplýsingar atrið-um þeim, sem í úrskurði hæstaréttar 9. okt. þ. á. greinir.

Atvik málsins eru þau, að aðfaranótt hins 5. apríl þ. á. kl. að ganga tvö, að því er kærður segir, ók hann bíl upp að Geithálsi og síðan, eftir nokkra dvöl þar, aftur til Reykjavíkur. Í bílnum voru auk kærða, Hjálmar Jóhannsson, múrarameistari og tvær stúlkur, þær Bergrós Jensdóttir, Mýrargötu 4 og Sigurbjörg Benediktsdóttir, Spítalastíg 3, Reykja-vík, Sömu nótt, klukkan um fjögur, komu stúlkur þessar á lögreglustöðina í Reykjavík og báru þá sök á kærða, að hann hefði ekið bíl ölvaður. Við rann-sókn málsins hafa stúlkur þessar skýrt svo frá, að Hjálmar hafi verið með einn pela af Whisky, þeg-ar þær hittu hann. Hafi þessa áfengis verið neytt á leiðinni upp að Geithálsi. En áður en komið var þangað hafi kærður tekið úr fórum sínum Whisky-pela og afhent hann Hjálmari, annan pela af Whisky hafi hann síðan selt í hendur Hjálmari á Geithálsi. Segja þær kærða hafa tekið gjald af Hjálmari fyrir báða þessa pela. Um það, hvort kærður hafi neytt áfengis á leiðinni að Geithálsi svo og um önnur smærri atriði, ber stúlkunum ekki saman, en báðar staðhæfa þær, að kærður hafi verið orðinn ölvaður, þegar lagt var af stað frá Geit-hálsi, enda hafi hann ekið skrykkjótt á bakaleiðinni og verið með drykkjulæti við þær. Sjálfar kveðast þær hafa tekið þátt í drykkjunni, en gætt þess að verða ekki ölvaðar. Kærður og Hjálmar Jóhannsson skýra hinsvegar svo frá, að Hjálmar hafi haft einn Whiskypela meðferðis og hafi ekki annars vins

verið neytt í förinni. Hafi kærður þannig hvorki selt Hjálmari áfengi né lagt fram áfengi til drykkjunnar og af kærða hálfu hafi ekki verið um aðra vinneyzlu í förinni að ræða en þá, að hann hafi á bakaleiðinni tvisvar söpið á Whiskypela Hjálmars. Ekki kveðst Hjalmar hafa tekið eftir neinum ölvunareinkennum á kærða og telur hann akstur kærða hafa verið óaðfinnanlegan. Þrátt fyrir sampröfun hefir ekki tekizt að samræma vitnisskýrslu Hjálmars annarsvegar og vitnaskýrslur téðra stúlkna hinsvegar. Þau Hjalmar og Sigurbjörg hafa unnið eið að framburði sínum, en Bergrós, sem samkvæmt hegningarvottorði sínu hefir verið dæmd fyrir þjófnað og ölvun og áminnt fyrir ósæmilega hegðun, hefir ekki verið eiðfest. Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir var kærður undir áhrifum áfengis, þegar lögreglan handtók hann umrædda nótt. Orsök þessa segir hann vera þá, að hann hafi, eftir að hann var hættur akstri, drukkið að mestu leyti upp úr Whiskypela ásamt Guðmundi nokkrum Guðmundssyni, Hverfisgötu 101. Hafi Guðmund og Skúla bifreiðarstjóra Zophoníasson borið að þar, sem kærður var að ganga frá bíl sínum eftir aksturinn. Guðmundur hafi komið inn í bíl kærða og boðið honum áfengið og þeir síðan setið þar um stundarfjórðung og neytt þess. Hefir Guðmundur staðfest þessa frásögn kærða og segir sig hafa verið að skilja við kærða, þegar lögreglan kom. Skúli kveður sér kunnugt um fund þeirra Guðmundar og kærða, en segir sér ókunnugt um, hvað þeim hafi farið í milli, með því hann (Skúli) hafi beðið á lengdar í bíl sínum, en Guðmundur hafi verið verið við vín bæði áður en hann hitti kærða og eftir það.

Við athugun ósamræmisins í vitnaskýrslum téðs Hjálmars annarsvegar og þeirra Bergrósar og Sigurbjargar hinsvegar verður ekki talið sannað, að kærður hafi látið af hendi áfengi til annarra manna gegn gjaldi eða öðru verðmæti, þannig að saknæmt sé samkvæmt 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Af sömu ástæðu og þó sérstaklega með tilvísun til vitnaframburðar þeirra Guðmundar og Skúla er ekki fram komin sönnun fyrir því, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur. Þykir þessvegna ekki heimilt að svipta hann öku-leyfi sínu, sbr. 21. gr. áfengislagana. Aftur á móti er það sannað með játningu kærða og staðfest af vitnum, að kærður hefir nýtt vins við bifreiðarakstur. Þetta misferli varðar hann refsingu samkvæmt 5. gr. 3. mgr. laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða, og ákveðst refsing hans samkvæmt 14. gr. sömu laga 150 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Magnús Norðfjörð Magnússon, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutn-

ingslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Norðfjörð Magnússyni bifreiðarstjóra, til heimilis Bergþórugötu 41, hér í bæ fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931 um notkun bifreiða og áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærður hefir í lögsagnarumdæminu áður sætt eftirfarandi kærur og refsingum.

1921 6. febr. Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1929 30. sept. Sætt 10 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1931 6. okt. Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.

1932 3. okt. Undirgekkst að greiða kr. 33.75 í skaðabætur fyrir að aka bifreið á hjólreiðadreng.

Með eigin játningu kærðs og öðru, er fram hefir komið í málinu, er það sannað, að kærður neytti áfengis við akstur bifreiðar sinnar á leiðinni frá Geithálsi og hingað til bæjarins aðfaranótt s. l. sunnudags. Lögreglan kom að honum, er hann fyrir stuttu var kominn heim til sín og var þá við bifreiðina. Haraldur Jensson lögrbj. hefir borið, að hann hafi þá verið sýnilega undir áhrifum áfengis og við blóðrannsókn, er framkvæmd var, reyndist áfengismagnið 3‰. En kærður hefir haldið því fram, að eftir að hann var kominn heim hafi hann drukkið töluvert og farið þá að finna til áhrifa áfengisins.

Með framangreindu hefir kærður gerzt sekur við 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna. Þykir refsing hans réttilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fang-

elsi í 7 daga. Þá ber og að svipta kærðan ökuleyfi í 3 mánuði. Loks greiði hann kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Mánudaginn 7. desember 1936.

Nr. 148/1936. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Carl Kreutzfeldt (Sveinbjörn Jónsson).

Ólöglegur innflutningur áfengis og tóbaks.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. apríl 1936: Kærður, Carl Kreutzfeldt, greiði 5300 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 130 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Flutningaskipið Krusaa er að veði til tryggingar greiðslu sektar og málskostnaðar og má kyrrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggju.

Hið innflutta áfengi og tóbak er upptækt gert og skal vera eign rikissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Á það má fallast, að brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, beri að heimfæra undir 2. sbr. 27. gr., 1. tölulið áfengislaga, nr. 33/1935, og 1. sbr. 15. gr. laga um einkasölu rikisins á tóbaki, nr. 58/1931. Þykir refsing kærða fyrir brot þessi, samkvæmt nefndum ákvæðum laganna, og að meðtaldri 40 króna sekt fyrir hvern lítra hins innflutta áfengis, en þeir voru samtals 63, hæfilega ákveðin